

FUNDARGERÐ

237. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 18. september 2024, kl. 9:00 í gegn um Teams.

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Skarphéðinn Birgisson
Stefán Haukur Grímsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson
Pórey Agnarsdóttir
Radek B. Dudziak

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð
3. Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd
4. Umgengni á athafnasvæði Skútabergrs á Moldhaugnahálsi
5. Fjárhagáætlun og gjaldskrá 2025
6. Samþykkt um fiðurfé í Norðurþingi
7. Samþykkt um hunda- og kattahald í Dalvíkurbyggð
8. Erindi frá Samherja vegna starfsleyfis heitloftspurrkunnar á Laugum í Reykjadal
9. Úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
10. Áskorun frá Terra um afturköllun starfsleyfis íslenska gámafélagsins
11. Fráveita frá Hótel Kjarnalundi í Kjarnaskógi
12. Umsagnir
13. Útgefin starfsleyfi
14. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
15. Staðfestar skráningar
16. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 236. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 26. júní sl. Þá var samþykkt að veita Auto ehf. viðbótarfrest til að taka til á athafnasvæði sínu á Svalbarðsströnd og samþykkt að fresta innheimtu dagsekta vegna umgengni á lóðinni við Hamragerði 15 á Akureyri. Einnig var rætt um umgengni á athafnasvæði Skútabergs á Moldhaugnahálsi.

2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð

Á 236. fundi Heilbrigðisnefndar var samþykkt að fresta frekari álagningu dagsekta þar sem nokkuð hafði áunnist varðandi tiltekt á lóðinni. Jafnframt var lóðarhafi hvattur til að ljúka tiltekt þannig að ekki þyrfti að koma til frekari aðgerða af hálfu heilbrigðisnefndar.

Við skoðun á lóðinni þann 16. september sl. kom í ljós að þrátt fyrir bílum innan lóðarmarka hafi fækkað nokkuð eru enn fjölmargir bílar og aðrir lausamunir innan lóðarmarka og er lóðin til lýta fyrir umhverfið.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að hefja innheimtu dagsekta að nýju frá og með 1. október nk. hafi ekki verið bætt úr fyrir þann tíma.

3. Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd

Á 236. fundi heilbrigðisnefndar þann 26. júní sl. var samþykkt að veita fyrirtækinu viðbótarfrest til 1. ágúst nk. til þess að ljúka hreinsun á lóðinni að Setbergi og fjarlægja bíla og aðra lausamuni sem blasa við frá þjóðvegi.

Við skoðun á lóðinni þann 2. september sl. kom í ljós að hreinsun lóðinni var ekki lokið. Innan lóðarinnar er enn mikið magn ökutækja, hjólbarða, véla og vélahluta í afar misjöfnu ástandi. Þar mátti einnig sjá spilliefni á borð við rafgeyma og víða innan lóðarinnar voru ummerki um olíumengun í jarðvegi. Fyrirhuguð áform um upphreinsun á lóðinni hafa ekki gengið eftir en aðeins eitt bílhræ var komið í gám sem staðið hefur á lóðinni frá því í júní.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að áminna fyrirtækið vegna brota á 1. og 3. gr. samþykktar nr. 463/2002 um umgengni og þrífnað utan húss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, með síðari breytingum, vegna brots á 1.mgr. 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og vegna brots á 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. Áminningin er veitt í samræmi við 60. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Jafnframt samþykkir nefndin að veita fyrirtækinu lokafrest til 1. október nk. til þess að ljúka tiltekt á lóðinni. Verði ekki brugðist við á fullnægjandi hátt fyrir þann tíma mun nefndin íhuga að beita dagsektum í samræmi við 1.mgr. 61. gr. laga nr.7/1998 þar til úr verður bætt.

4. Umgengni á athafnasvæði Skútabergs á Moldhaugnahálsi

Á 236. fundi Heilbrigðisnefndar óskaði nefndin eftir upplýsingum um hvernig framkvæmdum við tiltekt á svæðinu og gerð varanlegs geymslusvæðis miðaði. Engar upplýsingar hafa borist frá fyrirtækinu um framvindu mála. Að mati heilbrigðisnefndar hefur umgengni á svæðinu ekki lagast að undanfögnu og svæðið er enn verulegt lýti í umhverfinu.

Heilbrigðisnefnd lýsir yfir vonbrigðum með að áform fyrirtækisins um tiltekt á svæðinu hafi ekki gengið eftir. Heilbrigðisnefnd gerir þá kröfu að tekið verði rækilega til á svæðinu og þeim hlutum sem ekki hafa varðveislugildi verði komið í viðeigandi förgun. Jafnframt óskar nefndin eftir skriflegri úrbótaáætlun frá fyrirtækinu, fyrir 1. október nk. þar sem fram komi hvenær og hvernig verði orðið við kröfum nefndarinnar um úrbætur.

5. Fjárhagáætlun og gjaldskrá 2025

Leifur Þorkelsson kynnti fjárhagsáætlun ársins 2025 ásamt tillögu að gjaldskrárbreytingum. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að kostnaðarliðir hækki um 7% frá fyrra ári og að upphæð íbúaframlags sveitarfélaganna verði óbreytt. Lagt er til að upphæðir gjaldskrár hækki að jafnaði um 8%.

Ekki er gert ráð fyrir neinum eignabreytingum hjá HNE á næsta ári og því ekki lögð fram eignabreytingaáætlun.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða sem og tillaga að gjaldskrárbreytingum.

6. Samþykkt um fiðurfé í Norðurþingi

Lögð fram drög að samþykkt um fiðurfé í Norðurþingi.

Heilbrigðisnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 2.mgr. 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. Samþykkt um hunda- og kattahald í Dalvíkurbyggð

Lögð fram drög að samþykkt um hunda- og kattahald í Dalvíkurbyggð.

Heilbrigðisnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 2.mgr. 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. Erindi frá Samherja vegna starfsleyfis heitloftspurrkunar á Laugum í Reykjadal

Tekið fyrir erindi frá Samherja Ísland ehf. þar sem óskað var eftir því eftir því að gildistími starfsleyfis fyrir heitloftspurrkun fyrirtækisins að Laugum í Reykjadal verði framlengdur til 15. maí 2025 vegna breyttra forsenda.

Heilbrigðisnefnd samþykkir, í samræmi við 2.mgr. 6.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að breyta starfsleyfi vegna heitloftspurrkunar fiskafurða að Austurhlíðarvegi 2 að Laugum í Reykjadal á þann hátt að leyfið gildi til 15. maí 2025.

9. Úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Kynnt niðurstaða í máli 68/2024 hjá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem tekin var fyrir kæra Terra ehf. á þeirri ákvörðun Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að veita Íslenska Gámafélaginu starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang að Ægisnesi 3 á Akureyri.

Í greinargerð HNE vegna kærunnar var þess krafist að málinu yrði vísað frá nefndinni þar sem kærandi ætti ekki lögvarðra hagsmuna að gæta í málinu og að samkeppnisstaða ein og sér geti ekki verið grundvöllur kærueðildar. Jafnframt var kröfu um að starfsleyfið yrði felld úr gildi hafnað enda sú ákvörðun rétt að formi og efni að mati HNE.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála tók kærana fyrir þann 3. júlí sl. og komst að þeirri niðurstöðu að vísa bæri málinu frá þar sem ekki var sýnt fram á að útgáfa starfsleyfisins snerti einstaklega lögvarða hagsmuni kæranda.

10. Áskorun frá Terra um afturköllun starfsleyfis íslenska gámafélagsins

Með tölvupósti þann 8. júlí sl. skoraði Terra ehf. á Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra að afturkalla ákvörðun sína um útgáfu starfsleyfis til handa Íslenska gámafélaginu að Ægisnesi 3 á Akureyri. En að mati Terra hafði Heilbrigðisnefnd ekki heimild til að gefa leyfið út. Ákvörðun um útgáfu þess sé því markleysa.

Heilbrigðisnefnd hafnar erindinu enda ákvörðun um útgáfu starfsleyfis rétt að formi og efni að mati nefndarinnar.

11. Fráveita frá Hótel Kjarnalundi í Kjarnaskógi

Seinni partinn í ágúst var tilkynnt um talsverða skólpmengun í Kjarnaskógi, skammt ofan við Brunná. Í ljós kom að siturlagir aftan við rotþró frá Hótel Kjarnalundi þjónuðu ekki hlutverki sínu og lítið hreinsað skólp rann um þær og út í umhverfið. Legið hefur fyrir um hríð að rotþró frá hótelinu er of lítil og annar ekki starfseminni. Heilbrigðiseftirlitið fór fram á að rotróin yrði tæmd og jafnframt að gengið yrði þannig frá fráveitunni að skólpmengað vatn hætti að renna um siturlögnina. Í kjölfarið var settur upp safntankur á fráveituna sem verður notaður meðan leitað er varanlegra lausna í fráveitumálum frá hótelinu.

Heilbrigðisnefnd átelur fyrirtækið fyrir sinnuleysi í fráveitumálum. Nefndin bendir á að eigandi fráveitu ber ábyrgð á að fráveituvatni sé fargað í samræmi við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp. Heilbrigðisnefnd gerir jafnframt þá kröfu, í samræmi við b) lið 14. gr. reglugerðar 802/2023 um meðhöndlun úrgangs, að svæðið sem skólpmengunin nær til verði hreinsað að höfðu samráði við landeigendur og aðra sem eiga hagsmuna að gæta.

12. Umsagnir

1. Tillaga að deiliskipulagi, Eyrin á Svalbarðseyri
2. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar, Glæsibær, 3 áfangi íbúðarbyggðar
3. Tillaga að deiliskipulagi, Glæsibær í Hörgársveit, 3. áfangi íbúðarbyggðar
4. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar, Blöndulína 3
5. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar, Gleráreyrar 6-8 VÞ8
6. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þórshafnar, stækkun hafnarsvæðis
7. Tillaga breytingu á deiliskipulagi, Öldugata í Dalvíkurbyggð
8. Tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar
9. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps, íbúðarbyggð að Vogum 1
10. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar að Vogum 1
11. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi, Ölduhverfi í Eyjafjarðarsveit
12. Umsókn um byggingarleyfi fyrir bílskúr að Arnarvatni 2b í Mývatnssveit
13. Undanþága frá reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp fyrir Rifós ehf. á Kópaskeri
14. Úttekt á nýju stjórnsýsluhúsi í Þingeyjarsveit
15. Um umferðaröryggi við Borgarhólsskóla á Húsavík

13. Útgefin starfsleyfi

1. Fríhöfnin ehf. kt. 611204-2130, Akureyrarflugvelli, 600 Akureyri, fríhafnarverslun
2. Göngustaðir ehf. kt. 670410-1020, Göngustöðum, 621 Dalvík, einkavatnsveita
3. Hróarsstaðir ehf. kt. 440522-1300, Tjaldsvæðið Systragil Hróarsstaðir 1 607, Akureyri, tjaldsvæði
4. Hjálmar Herbertsson kt. 020267-4299, Steindyr, 621 Dalvík, einkavatnsveita
5. Málstaður ehf., kt. 591297-3689, Vogar 8, 605 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu
6. Kaffipressan ehf., kt. 570821-0400, Brekkugata 5, 600 Akureyri, sérværslun með kaffi
7. Skerjakolla ehf., kt. 560614-0470, Bakkagötu, 670 Kópasker, matsöluvagn

8. Ektafiskur ehf., kt. 621200-2750, Hauganesi, 621 Dalvík, smásala á fiski
9. Ívar Örn Þórhallsson kt. 250869-3049, Heilsuhofið Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, heilun, nudd, sogæðastígvél
10. Trésmiðjan Rein kt. 701296-6059, Höfðavegi 3, 640 Húsavík, tímabundið leyfi til að rífa asbest
11. Karl Ingi Atlason, kt. 70977-4219, Hóli, 621, Dalvík, einkavatnsveita
12. Ragnheiður Ýr Guðjónsdóttir kt. 290790-2719, kokteil kistan, Sjávangata 6, 621 Dalvík, heildsala áfengis
13. Eignarhaldsfélagið Örkin hf. kt. 500287-2419, Tryggvabraut 24 (206), 600 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu
14. Tamara Kaposi Peto kt. 150395-5349, Garðarsbraut 5, 3 hæð, 640 Húsavík, snyrtistofa (augnháralengingar)
15. Litla mathöllin ehf., kt. 550224-1000, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, sala á veitingum
16. Snyrtistofa Gunnhildar slf. kt. 680212-0660, Tungusíðu 6, 603 Akureyri, snyrtistofa
17. Kælismiðjan frost ehf., kt. 430801-2360, Fjölnisgötu 4b, 603 Akureyri, kælivelaverkstæði
18. Glerharður ehf., kt. 500602-3410, Miðholt 4, 680 Þórshöfn, tannlæknastofa
19. Alexandra Sineenard Prangsri kt. 080171-2509, Viðarási 3, 110 Reykjavík Matarvagn á Mærudögum á Húsavík 2024
20. Margrét Rögnvaldsdóttir kt. 100359-2789, tímabundið leyfi til að selja mat á tónleikum Skálmaldar í heimskautagerðinu á Raufarhöfn 7. september
21. Audioland slf. kt. 640217-1540, tímabundið leyfi til að selja mat á tónleikum Skálmaldar í heimskautagerðinu á Raufarhöfn 7. september
22. Gistiheimilið Lyngholt kt. 530606-1630 tímabundið leyfi til að selja mat á tónleikum Skálmaldar í heimskautagerðinu á Raufarhöfn 7. September
23. Sigurlína Tryggvadóttir kt. 050277-4959, tímabundið leyfi til að halda matarmarkað að Svartárkoti í Bárðardal.
24. Vínkeldan ehf kt. 611207-4920, Stóruvöllum í Bárðardal, tímabundið leyfi til að framleiða vín úr íslenskum rabarbara, gefið út til 3 mánaða.
25. Eimskip Ísland ehf., kt. 421104-3520, Oddeyrarskála, 600 Akureyri, vöruflutningar og vörugeymsla

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

14. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Bústólpi ehf. kt. 541299-3009, Oddeyrartanga, 600 Akureyri, framleiðsla húsdýrafóðurs

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalið starfsleyfi verði gefið út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunni að berst við tillöguna gefi tilefni til annars.

15. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Gunnlaugur Svansson kt. 231286-2769, flugeldasýning að Rimum í Svarfaðardal 13. júlí 2024
2. Norðurþing kt. 640169-5599, flugeldasýning við Húsavíkurhöfn 27. júlí 2024
3. Súlur Björgunarsveit Akureyri kt 640999-2689 flugeldasýning við Samkomuhúsið á Akureyri 4. ágúst 2024
4. Erna Sigurbjörg Arnardóttir kt. 190562-5229, Tungusíða 7, 603 Akureyri, hárgreiðslustofa

16. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður í október.

Fundi slitið kl. 10:02

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Skarphéðinn Birgisson

heilbrigðisfulltrúi
Radoslaw Boleslaw Dudziak